

**Efni: Norðausturvegur til Vopnafjarðar, Brunahvammsháls - Vopnafjörður.**

Fornleifavernd ríkisins hefur mótttekið bréf Skipulagsstofnunar frá 1. febrúar s.l. þar sem óskað er eftir umsög um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Með bréfinu fylgdi frummatsskýrsla ásamt fylgigögnum. Þar á meðal skýrsla Bygðasafns Skagfirðinga: *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði*. Stuðst er við upplýsingar úr frummatsskýrslu og fornleifaskráningaskýrslunni í þessari umsögn.

Í skýrslunni þar sem gerð er grein fyrir skráningu fornleifa kemur fram að allar veglínur sem í athugun eru hafi verið gengnar og allar sýnilegar fornleifar í um 100 m fjarlægð frá miðlínu vegar skráðar. Alls voru skráðar 151 minjar. Í skýrslu Bygðasafns Skagfirðinga segir að 84 af skráðu injunum séu um eða innan við 50 m frá framkvæmdasvæðum og þar af 48 innan 20 m frá útbrún vegar eða efnistökusvæða og 25 minjar undir vegi eða á efnistökusvæði. Í frummatsskýrslu kemur fram að vegagerðin hafi fært til veglínur og efnistökusvæði frá því skýrsla Bygðasafns Skagfirðinga var gerð, m.a. til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar. Fjarlægðir fornleifa frá framkvæmdasvæði eru því í mörgum tilfellum ekki þær sömu í frummatsskýrslu og fornleifaskráningaskýrslu. Hér verður stuðst við fjarlægðir sem gefnar eru upp í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu er talað um þrjár leiðir. Leið 1, Vesturárdalsleið, leið 2, Hofsárdalsleið og Millidalaleið. Á leið 1 eru lagðir fram tveir kostir, leið 1a+1b og leið 1a+1c. Báðir kostirnir gera ráð fyrir sömu veglínu á svæðinu sunnanverðu, Vesturárdalsleið innan við Hauksstaði (1a). Við Hauksstaði greinist leiðin í tvær leiðir, Vesturárdalsleið um Búastaði (1b) og Vesturárdalsleið um Hofsháls (1c). Á leið 2 eru líka lagðir fram tveir kostir, leið 2a+2b og leið 2a+2c. Báðir kostirnir gera ráð fyrir sama vegstæði að sunnanverðu, Hofsárdalsleið innan við Steinvarðartungu (2a). Við Steinvarðartungu greinist leiðin í tvennt, Hofsárdalsleið Einarsstaðamegin (2b) og Hofsárdalsleið Bustarfellsmeigin (2c). Leið 2b og 2c tengjast núverandi vegi í landi Teigs. Á Millidalaleið er aðeins um einn valkost að ræða.

Hér verður fjallað um hverja veglínu fyrir sig, 1a, 1b, 1c, 2a, 2b, 2c og Millidalaleið. Þá verður lagt mat á mismunandi samsetningar veglínanna eins og þær eru lagðar fram í frummatsskýrslu, leið 1a+1b, leið 1a+1c, leið 2a+2b, leið 2a+2c og Millidalaleið. Skáletraður texti í umsögninni er úr skýrslu Bygðasafns Skagfirðinga.

Leið 1a. Taka þarf tillit til eftirtalinnna fornleifa á þessari leið:

**156449 52 – 30.** Í landi Brunahvamms. *Hleðsla/hrúgald er ofan á nokkuð stórum steini í grýttri urð sem liggur austan vegar til Vopnafjarðar um 240 m vestur af Hofsa. Það er að öllum líkindum ekki mjög gamalt. Varðan er í um 24 m fjarlægð frá væntalegri veglínu. Merkja þarf vörðuna á meðan á framkvæmdum stendur til að tryggja að hún raskist ekki af vangá.*

**156449 52 – 31.** Í landi Brunahvamms. *Tóft af grjóthlöðnum smalakofa liggur á melunum um 230 m norðvestur af Hofsa. Tóft af litlum kofa um það bil 50 x 130 sm að utanmáli. Veggir eru hrundir og hefur verið hlaðið upp á steininn. Hún er hlaðin upp við stóran stein og er lítil varða ofan á steininum. Smalakofinn og varðan lenda í veglínunni. Mæla þarf fornleifarnar upp og teikna þær.*

**156449 52 – 32.** Í landi Brunahvamms. *Rúmar 270 m suðaustur af Hofsa eru tóftir smalabyrgis. Smalabyrgi hlaðið úr grjóti upp á stórum stein. Um 1 x 1,5 m að innanmáli. Norðurveggur stendur nokkuð vel en aðrir veggir að mestu hrundir. Smalabyrgið lendir í veglínu. Mæla þarf það upp og teikna.*

**156449 52 – 33.** Í landi Brunahvamms. *Rúma 20 m norðvestur af smalabyrgi (156449 52 – 32) er vörðuhrúga.* Varðan lendir í veglínu. Varðan hefur verið skráð. Fornleifavernd ríkisins telur það fullnægjandi mótvægisáðgerð.

**156449 52 – 34.** Í landi Brunahvamms. *Fremst á melbrún um 280 m í norður af Hofsa er há og stæðileg varða um 155 sm á hæð. Grjótdreif er umhverfis vörðuna og virðist hún hafa hrunið en síðan verið endurhladin.* Varðan er einungis í 4 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði og því í töluverðri hættu. Varðan hefur verið skráð. Fornleifavernd ríkisins telur það fullnægjandi mótvægisáðgerð.

**156449 52 – 35.** Í landi Brunahvamms. *Um 200 m í norðvestur frá efnistökusvæði merkt A1 og um 300 m í norðvestur frá Hofsa, á fremur grýttu svæði stendur varða um 60 sm há. Hefur greinilega hrunið.* Varðan er í 38 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf vörðuna á meðan á framkvæmdum stendur til að tryggja að hún raskist ekki af vangá.

**156449 52 – 38.** Í landi Brunahvamms. *Um 320 m í norður af Hofsa er varða. Hún er um 150 sm há og reist ofan á stóru grjóti, hún stendur vel. Varðan er ofan Brunahvamms.* Varðan er í 50 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf vörðuna á meðan á framkvæmdum stendur til að tryggja að hún raskist ekki af vangá.

**156449 52 – 26.** Í landi Brunahvamms. *Varðan er frammi á brekkubrún um 1,1 km utan (norðaustan) Brunahvamms. Hún er um 1,5 m á hæð, stendur um 30 m suður af stiku 9800VD. Óvíst um aldur.* Varðan er í 34 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf vörðuna á meðan á framkvæmdum stendur til að tryggja að hún raskist ekki af vangá.

**156449 52 – 27.** Í landi Brunahvamms. *Leifar af hruninni vörðu eru á brekkubrún um 2,3 km utan (norðaustan) Brunahvamms um 40 m suðaustur af stiku 11000VD. Fremur ólögulegt hrúgald, óvíst um aldur.* Varðan er í 19 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf vörðuna á meðan á framkvæmdum stendur til að tryggja að hún raskist ekki af vangá.

**156482 39 – 25.** Í landi Hauksstaða. *Tóftir eru sunnan og suðvestan í háum malarhól. Á hólnum sjálfum er varða og smalabyrgi um 7 m norðaustur af henni 3 x 2 m að utanmáli. Stór steinhella myndar austurvegg byrgisins en svo hefur verið hlaðið út frá henni til vesturs. Byrgið hefur ekki verið meira en 1 x 2 m að innanmáli en er nú að miklu leyti hrunið inn. Smalabyrgið er 5 m frá framkvæmdasvæði. Mæla þarf það upp og teikna.*

**156482 39 – 26.** Í landi Hauksstaða. *Tóftir eru sunnan og suðvestan í háum malarhól. Á hólnum sjálfum er varða og smalabyrgi um 7 m norðaustur af henni....* Varðan er einungis í 8 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði og því í töluverðri hættu. Varðan hefur verið skráð. Fornleifavernd ríkisins telur það fullnægjandi mótvægisáðgerð.

**156482 39 – 27.** Í landi Hauksstaða. *Tóftir eru sunnan og suðvestan í háum malarhól. Efri tóftin suðvestan í hólnum er tvískipt, sterra hólfíð er 7 x 3 m að innanmáli og það minna (það suðvestara) 1,5 x 1 m. Dyr eru á milli hólfanna og snúa til suðausturs. Veggjahæð er um 1-1,5 m og veggjahæð 40-50 frá gólfi, mun hærra að utan þeim megin sem snýr undan brekkunni. Báðar tóftirnar eru lyngi- og mosavaxnar og virðast nokkuð gamlar. Tóftirnar eru 19 m frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf tóftirnar vandlega á meðan á framkvæmdum stendur, t.d. með því að girða í kringum þær, til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.*

**156482 39 – 16.** Í landi Hauksstaða. *„Innan við Skraðsgrófina eru melhólar á stangli, sem heita Hólar og Réttarhólar fremst” segir í örnefnaskrá (ÖJE,3). Tóftir eru sunnan og suðvestan í háum malarhól. Fimm metrum suðvestar við rætur hólsins er löng a.m.k. þrískipt tóft sem liggur norðvestur-suðaustur. Veggjahæð er um 30-40 sm frá gólfi, minni að utan mót brekkunni. Breidd veggja er 1-1,5 m. Báðar tóftirnar eru lyngi og mosavaxnar og virðast nokkuð gamlar. Tóftirnar eru 31 m frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf tóftirnar vandlega á meðan á framkvæmdum stendur, t.d. með því að girða í kringum þær, til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.*

**156482 39 – 28.** Í landi Hauksstaða. *Á mel, tæpa 80 m suðaustur af vörðu (156482 39 – 26) er önnur varða. Lítil varða, hrunin.* Varðan er í 56 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu.

Gera þarf verktökum grein fyrir staðsetningu vörðunnar til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

**156482 39 – 29.** Í landi Hauksstaða. *Um 570 m norðaustur af vörðu (156482 39 – 28) er önnur varða mjög lítil og óvönduð. Varðan er í 37 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Merkja þarf vörðuna á meðan á framkvæmdum stendur til að tryggja að hún raskist ekki af vangá.*

Í fornleifaskráningaskýrslu og frummatsskýrslu segir að bæjarstæði í Brunahvammi hafi verið skráð þar sem það liggur rétt sunnan veglínu Vesturárdalsleiðar og norðan Hofsárdalsleiðar. Þar segir einnig að minjarnar séu ekki í hættu vegna framkvæmdanna en að taka þurfi tillit til þeirra vegna nálægðar við báðar veglínur. Fornleifavernd ríkisins leggur áherslu á að tekið verði tillit til þessara minja.

Leið 1b. Taka þarf tillit til eftirtalinnna fornleifa á þessari leið:

**156482 39 – 30.** Í landi Hauksstaða. *Suður af Hauksstöðum eru hólur og liggur veglínan að hluta í gegnum þá. Hvammar eru á milli hólanna og liggur veglínan í gegnum þá efst í efsta hvamminum. Í hvamminum eru þrjár tóftir og 3 hlutar af gördum. Sá fyrsti er syðst í horni hvammsins, hann er aðeins um 7 m langur og sér ekki mót fyrir neinu framhaldi. Hann liggur til norðurs úr frá hlíðinni. Hann er grasi gróinn og vel greinilegur. Ekkert framhald virðist á garðinum og óvíst hvaða hlutverki hann hefur gegnt. Garðurinn er í 45 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf garðinn á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá.*

**156482 39 – 33.** Í landi Hauksstaða. *Suður af Hauksstöðum eru hólur og liggur veglínan að hluta í gegnum þá. Hvammar eru á milli hólanna og liggur veglínan í gegnum þá efst í efsta hvamminum. Samkvæmt heimildamanni Friðbirni H. Guðmundssyni bónda á Hauksstöðum nefnist svæðið milli hólanna Grófardalur og lækurinn sem um það rennur Grófarlækur. Í hvamminum eru þrjár tóftir og 3 hlutar af gördum. Heimildamaður vissi ekki frá hvaða tímabili tóftirnar eru en mundi eftir að heyi hafi verið safnað saman í þeim. Fremst á brún efri hvammsins fyrir miðju er tóft, 12 x 8 m að utanmáli. Hún er vel greinileg og algróin grasi. Veggirnir sem nokkuð eru teknir að falla eru hæstir um 1 m og mesta breidd þeirra er um 2 m. Tóftin snýr vestnorðvestur/austsuðaustur. Tóftin er í 44 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf hana á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.*

**156482 39 – 34.** Í landi Hauksstaða. *Suður af Hauksstöðum eru hólur og liggur veglínan að hluta í gegnum þá. Hvammar eru á milli hólanna og liggur veglínan í gegnum þá efst í efsta hvamminum. Samkvæmt heimildamanni Friðbirni H. Guðmundssyni bónda á Hauksstöðum nefnist svæðið milli hólanna Grófardalur og lækurinn sem um það rennur Grófarlækur. Í hvamminum eru þrjár tóftir og 3 hlutar af gördum. Heimildamaður vissi ekki frá hvaða tímabili tóftirnar eru en mundi eftir að heyi hafi verið safnað saman í þeim. Norðaustan við Beitarhúsin (156482 39 – 40) liggur tóft í hlíðum eins af hólunum. Tóftin er alveg opin mót norðvestri og eru veggir hennar nokkuð hrundir en þó vel greinilegir. Tóftin er algróin. Mesta breidd veggja er 1-1,5 m og mesta hæð frá gólfi er 1,5 m. Tófrin virðist tvískipt. Tóftin er í 40 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf hana á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.*

**156482 39 – 35.** Í landi Hauksstaða. *Leifar vörðu eru á smá mel sem er um 210 m suður af Vesturdalsá og rúmlega 380 m til suðurs frá íbúðarhúsi á Hauksstöðum. Varðan er einungis í 9 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði og því í töluverðri hættu. Varðan hefur verið skráð. Fornleifavernd ríkisins telur það fullnægjandi mótvægisáðgerð.*

**156482 39 – 36.** Í landi Hauksstaða. *Varða stendur um 170 m í suðvestur frá tóft (156482 39 – 35) og rúma 80 m til suðurs frá Vesturdalsá. Varðan er í 16 m fjarlægð frá*

framkvæmdasvæði og því í töluverðri hættu. Merkja þarf vörðuna á meðan á framkvæmdum stendur til að tryggja að hún raskist ekki af vangá.

**156482 39 – 38.** Í landi Hauksstaða. *Varða stendur um 145 m í suðvestur frá brúnni sem liggur yfir Vesturdalsá austur af Hauksstöðum.* Varðan er í 22 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði og því í töluverðri hættu. Merkja þarf vörðuna á meðan á framkvæmdum stendur til að tryggja að hún raskist ekki af vangá.

**156482 39 – 39.** Í landi Hauksstaða. *Rúma 530 m austur af brú þeirri sem liggur yfir Vesturdalsá austan við Hauksstaði og við túnið sem liggur meðfram veginum austan brúarinnar, eru leifar vörðu á smá melhól.* Varðan er einungis í 9 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði og því í töluverðri hættu. Varðan hefur verið skráð. Fornleifavernd ríkisins telur það fullnægjandi mótvægisáðgerð.

**156482 39 – 13.** Í landi Hauksstaða. *Í örnefnaskrá segir: „Litlu innar [við Pyttalæk] og stutt ofan við árbakkann eru gamlar uppgrónar tóttarústir, sem heita Kot. Þar innan við tættarnar fellur lítill lækur niður í gegnum árbakkann og heitir hann Kotlækur”* (ÖJE, 1).

*Heimildamaður Friðbjörn H. Guðmundsson bóndi Hauksstöðum sagði að einhverjir hefðu talið að býlið Barkarstaðir hafi staðið þar sem tóftirnar af Koti eru. Allmikill tóftarhóll er á milli ræktaðra túna austur af rétt og norðaustur af svokölluðum Hringhúsum [39-14]. Á hólnum eru greinilegar leifar tóftabrota sem eru þó mjög óljósar vegna gróðurs. Hólinn er vel sléttur og virðist vera húsgrunnur á honum og jafnvel eldri tóftir undir. Mikill afri og elfting en einnig puntur. Tóftasvæðið er um 31 x 18 m. Tóftirnar eru í 43 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf þær á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá.*

**156482 39 – 42.** Í landi Hauksstaða. *Ofan eða austan við veginn á leiðinni til Hauksstaða er lágur hóll og ofan á honum varða og í hlíð hans er tóft. Í norðvestur hlið hólans er tóft sem liggur í halla. Tóftin er tvískipt, hugsanlega lítil stekkjartóft. Hún er alveg upp að vörðunni. Hún er 3 x 6 m að utanmáli. Stekkurinn er 28 m frá framkvæmdasvæði. Hann þarf að merkja á meðan á framkvæmdum stendur til að forðast að hann raskist af vangá.*

**156482 41 – 15. Í landi Búastaða.** *„Tungusteinn, nokkuð stórkarlalegur og ábúðamikill stendur þar í Tungunni og spölkorn neðan við hann kúra nokkrar vallgrónar tættur sels eða afbýlis, sögulausar og þöglar sem steinninn er, og vallargarður í kring. Ef til vill eru þarna minjar eyðibýlis sem Olavíus getur í Vopnafirði, en enginn veit nú deili á. Það hét Steinn”* (Sjm, 108). *Norðaustan við Oddsgil þar sem 2 veglínur Hofshálslínu koma niður á veginn eru tóftir, útihúsa og garðlag til norðausturs frá þeim. Til norðausturs frá tóftunum liggur garðlag í átt að veginum (átt er við veg sem liggur inn að Hauksstöðum). Garðurinn er algróinn um 40 sm á hæð. Hann er um 30 m að lengd og liggur lítil renna eða hugsanlega gamall lækjarfarvegur meðfram honum. Garðurinn er í 51 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf garðinn á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá.*

**156507 42 – 23.** Í landi Norður-Skálaness. *Á norðanverðum Tanganum rúman kílómetra í suðvestur frá Vopnafjarðar kaupúni er hesthús og norðan þess leifar tófta. Einhverjar tóftarleifar misgreinilegar eru á svæðinu við hesthúsið. Upp við hesthúsið sjálft eru leifar af torf- og grjóthlöðnum tóftarvegg en aðrar ógreinilegri leifar eru einnig á svæðinu umhverfis. Þarna hafa líklega staðið einhverjar útihúsatóftir á 20. öld. Í frummatsskýrslu segir að á staðnum séu tóftarleifar sem líklega séu eftir hesthúskofa í aðeins 5 m fjarlægð frá veglínu. Kofinn muni hafa verið byggður um miðja 20. öld og teljist því ekki til fornleifa. Í fornleifaskráningaskýrslunni, sjá texta hér að ofan, segir að við hesthúsið sjálft séu leifar af torf- og grjóthlöðnum tóftarvegg en aðrar ógreinilegri leifar eru einnig á svæðinu umhverfis. Þá segir að þarna hafa líklega staðið einhverjar útihúsatóftir á 20. öld. Hafi þetta verið orðnar tóftir á 20. öld má leiða að því líkum að húsin sem þarna stóðu hafi verið byggð mun fyrr. Fornleifavernd ríkisins telur að mæla eigi tóftarleifarnar upp og teikna þær. Þá þarf að grafa*

könnunarskuðri í tóftirnar til að reyna að fá hugmynd um aldur þeirra og kanna hvort undir þeim leynist eldri mannvirki og mannvistarlæg.

Leið 1c. Taka þarf tillit til eftirtalinna fornleifa á þessari leið:

**156482 39 – 43.** Í landi Hauksstaða. *Tóft er skammt ofan við áætlað vegarstæði á Hofshálsleið í hlíðinni inn af svokölluðu Oddsgili í landi Hauksstaða. Austur af Sandfelli við mynni svokallaðrar Sandfellsklaufar sem gengur vestur í fellið. Friðbjörn H. Guðmundsson bóndi á Hauksstöðum mundi eftir að hey hafi verið safnað í tóftirnar en taldi ekki að þarna hafi verið beitarhús. Tóftin liggur austur/vestur og er 12 m löng og 4 m breið að utanmáli, virðist hafa verið tvískipt en er þýfð að innan og óljós. Umhverfis tóftina og í henni er mikið gras, puntur og mólent fyrir ofan og mýrlent að neðan. Tóftin er í 36 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf hana á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.*

**156482 39 – 44.** Í landi Hauksstaða. *Oddsgil er landamerki Hauksstaða og Búastaða. Rúma 275 m austan þess og 1,2 km suður og upp af þjóðvegi er varða á smá mel. Varðan liggur innan við 100 m bæði frá svonefndri Millidalaleið og Hofshálsleið. Í brekku ofan (norðvestan) Hofs eru allmikil garðlög og fornar húsatóftir sem engar heimildir eru til um en hluti tóftanna og garðurinn eru friðlýst. Varðan er í 12 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði og því í töluverðri hættu. Merkja þarf vörðuna á meðan á framkvæmdum stendur til að tryggja að hún raskist ekki af vangá.*

**156484 48 – 82.** Í landi Hofs. *„Milli Vörðuáss og núverandi túns er allvíður mór í halla nokkrum. Hefur hann sýnilega verið áframhald af túninu í fyrndinni. Er túngarðurinn glöggur sunnan, vestan og norðan mósins, beint áframhald af gamla túngarðinum, sem áður er getið” (Örnefnaskrá, Jakob Einarsson, 12). Garðlag liggur út úr norðvestur horni túngarðsins upp brekkuna á um 60 m kafla en þar beygir garðurinn til suðurs og liggur ofan friðlýstu minjanna á um 200 m kafla, samsíða og um 30 m ofan túngarðsins. Á þeim kafla er garðurinn samvaxinn hlíðinni að ofanverðu en myndar greinilegan bakka. Þar beygir garðurinn upp brekkuna til suðvesturs og svo í boga á um 250 m kafla til suðurs og svo til austurs niður með læknum sem rennur vestan Hofs. Syðsti partur garðsins er mun ógleggri en aðrir hlutar hans. Garðurinn er um 70 sm þar sem hann rís hæst en er um 3 m þar sem hann er breiðastur. Þessi garður. Líkt og túngarðurinn er fornlegur, jarðsokkinn og hlaupinn í þúfur og mjög farinn að samlagast umhverfi sínu. Tóft liggur áföst garðinum að neðanverðu. Garðurinn er hluti friðlýstra minja í landi Hofs. Hann er í 75 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Gera þarf verktökum grein fyrir tilvist garðsins til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá.*

**156484 48 – 86.** Í landi Hofs. *„Auk þessa eru margar tættur, ævafornar og sumar óglöggar, í þessu forna túni, sem ekkert nafn er vitað á” (ÖJE, 12). Tóft er áföst neðan við vallargarðinn sem liggur ofan túngarðs og samsíða honum á kafla um 35 m beint ofan (norðvestan) Hoftóftarinnar. Tóftin er aflöng, 15 x 5 m að utanmáli. Tóftin er mjög útflött og gróin lyngi og nokkuð erfitt að gera sér grein fyrir nákvæmu veggjalagi en hún virðist þó hafa verið tvískipt. Veggjabreidd er 1,5 m en hæð um 40 sm. Engar dyr voru greinanlegar á tóftinni. Tóftin er mun fornlegri en svokölluð Hoftóft og hefur tilheyrt ónefndu fornbylí en fleiri minjar eru í túninu sem því tilheyra. Tóftin er hluti friðlýstra minja í landi Hofs. Hún er í 87 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Gera þarf verktökum grein fyrir tilvist tóftarinnar til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.*

**156484 48 - 95.** Í landi Þorsteinsstaða, hjáleigu frá Hofi. *Garður liggur að hluta umhverfis gamla túnið á Þorsteinsstöðum. Garðurinn er mjög greinilegur að ofan eða til norðvesturs en búið er að slétta úr honum að mestu þar sem hann liggur til suðausturs norðan við gamla bæjarstæðið, gróðurskil gefa þó vísbendingu um hvar hann hefur legið þar sem garðurinn er óhreyfður er hann um 100-130 sm breiður og allt að 160 sm hár undan brekkunni að*

*norðvestan.* Garðurinn er í 23 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf garðinn á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá.

**156484 48 - 96.** Í landi Þorsteinsstaða, hjáleigu frá Hofi. *Tóft liggur neðan við brekkuna á Þorsteinsstöðum utan garðs rúma 70 m austsuðaustur frá fjárhústóftinni [48-58]. Tóftin er 10 x 6 m að utanmáli og 2 x 6 m að innan, dyr eru til norðausturs. Mikill og hár gróður er inni í tóftinni en minni utan hennar. Veggjahæð er 20 sm og veggjabreidd 1 m. Af gróðrinum að dæma er tóftin ekki mjög forn.* Tóftin er í 17 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf tóftina á meðan á framkvæmdum stendur, t.d. girða kringum hana, til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

**156484 48 - 97.** Í landi Þorsteinsstaða, hjáleigu frá Hofi. *Á tveimur stöðum austan og suðaustan við bæjarstaðið á Þorsteinsstöðum, utan garðs, eru nokkur gróðurskil sem gefa vísbendingu um að þar hafi áður verið einhverskonar mannvirki sem búið er að slétta út. Bæði svæðin eru innan við 20 m frá fyrirhugaðri miðlínu vegar, það sem liggur lengra til suðvesturs er um 128 m suðaustur af fjárhústóftum á Þorsteinsstöðum. Staðurinn liggur í 5 metra fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Grafa þarf könnunarskurð á staðnum til að ganga úr skugga um hvort mannvirki eða mannvistarleifar leynast undir sverðinum. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu leitt til þess að frekari rannsókna væri þörf.*

**156484 48 - 98.** Í landi Þorsteinsstaða, hjáleigu frá Hofi. *Á tveimur stöðum austan og suðaustan við bæjarstaðið á Þorsteinsstöðum, utan garðs, eru nokkur gróðurskil sem gefa vísbendingu um að þar hafi áður verið einhverskonar mannvirki sem búið er að slétta út. Bæði svæðin eru innan við 20 m frá fyrirhugaðri miðlínu vegar, það sem liggur lengra til norðausturs er um 166 m austur af fjárhústóftum á Þorsteinsstöðum. Staðurinn liggur í 5 metra fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Grafa þarf könnunarskurð á staðnum til að ganga úr skugga um hvort mannvirki eða mannvistarleifar leynast undir sverðinum. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu leitt til þess að frekari rannsókna væri þörf.*

Í frummatsskýrslu er tilgreint að í landi Hofis eru fornar minjar bæði ofan og neðan núverandi þjóðveggar norðan Hofis. Minjarnar eru friðlýstar. Túngarður og tóftir innan hans mynda minjaheild. Flestar minjarnar eru utan áhrifasviðs hugsanlegs framkvæmdasvæðis. Nyrsti hluti minjanna, túngarður 156484 48 – 82 og tóft 156484 48 – 86 eru í um 80 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu. Um þessar fornleifar hefur verið fjallað hér að ofan. Í frummatsskýrslu segir að fullt tillit verði að taka til minjasvæðisins og merkja á greinilegan hátt þannig það verði á engan hátt fyrir hnjaski að völdum framkvæmdanna. Fornleifavernd ríkisins leggur áherslu á að minjasvæðið verði merkt á meðan á framkvæmdum stendur.

Leið 2a. Taka þarf tillit til eftirtalinnna fornleifa á þessari leið:

**156449 52 – 40.** Í landi Brunahvamms. *Punktur tekinn um 116 m norðvestur af Hofsa á greinilegri götu sem liggur meðfram þurru árfarvegi niður á bakka Hofsa. Gatan liggur niður að Hofsa og meðfram henni í átt að Brunahvammi.* Í frummatsskýrslu kemur fram að væntanlegur vegur muni liggja yfir þessa leið á nokkrum stöðum. Mæla þarf leiðina upp með GPS tæki á þessum kafla og færa hana inn á loftmynd/kort.

**156449 52 – 43.** Í landi Brunahvamms. *Á melunum austan Hölnár þar sem fyrirhuguð veglína liggur niður á láglendið meðfram Hofsa, eru tvær vörður tæplega 100 m í vestur frá Hofsa. Varðan sem liggur sunnar er um 130 sm á hæð en sú sem liggur um 25 m norðar er lægri eða um 1 m á hæð. Hvorug þeir er mjög vönduð smíð. Varðan er einungis í 8 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði og því í töluverðri hættu. Varðan hefur verið skráð.* Fornleifavernd ríkisins telur það fullnægjandi mótvægisáðgerð.

**156449 52 – 44.** Í landi Brunahvamms. *Á melunum austan Hölnár þar sem fyrirhuguð veglína liggur niður á láglendið meðfram Hofsa, eru tvær vörður tæplega 100 m í vestur frá Hofsa. Varðan sem liggur norðar er lægri eða um 1 m á hæð. Fremur óvönduð hleðsla.*

Varðan er í veglínu og mun því hverfa. Varðan hefur verið skráð. Fornleifavernd ríkisins telur það fullnægjandi mótvægisáðgerð.

**156449 52 – 45.** Í landi Brunahvamms. *Tóft stendur á lækjarbakka undir mel, þar sem að lækurinn rennur niður á milli tveggja hóla. Hún er um 195 m vestnorðvestur af Hofsa.*

*Vallgróin tóft með gulmörðu og smá víði. Dyr eru óljósar en gætu hafa verið á tveim stöðum á norður og norðaustur horni tóftar. Innanmál er 2 x 4 m, breidd veggja er frá 2 – 3 m og hæð frá gólfi um 50-60 sm. Veggir til vesturs eru nokkuð hrundir. Tóftin er í 9 metra fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Grafa þarf könnunarskurð í tóftina til að afla frekari upplýsinga um gerð hennar og aldur og til að ganga úr skugga um hvort eldri mannvirki eða mannvistarleifar leynast undir tóftinni. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu leitt til þess að frekari rannsókn væri þörf.*

**156449 52 – 46.** Í landi Brunahvamms. *Varða um 136 m norðvestur af Hofsa. Varða, hlaðin ofan á stein um 6 m norðvestan við lækjafarveg sem hugsanlega hefur verið farvegur sterra vatnsfalls áður. Varðan er í veglínu og mun því hverfa. Varðan hefur verið skráð.*

Fornleifavernd ríkisins telur það fullnægjandi mótvægisáðgerð.

**156449 52 – 47.** Í landi Brunahvamms. *Um 75 m norður af efnistökusvæði A1 og um 136 m norðvestur af Hofsa er hóll og vestan hans gömul stekkjatóft. Stekkjatóftin er bæði torf og grjóthlaðin og virðist sem að reistur hafi verið smalakofi úr grjóti úr stekknunum, við vesturendann. Lambakróin er til norðausturs. Grjót er vel greinanlegt í hleðslu. Dyr eru á milli króa. Vestan við vegginn milli króa er stór hellulaga steinn. Hæð veggja að utan er um 30 sm en smalakofans um 50 sm. Breidd veggja er almennt um 2 m en sums staðar breiðari. Stekkruinn eru um 15 m að lengd og um 6 m að breidd að utanmáli. Stekkurinn er í 15 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf stekkin á meðan á framkvæmdum stendur, t.d. girða kringum hann, til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá.*

**156449 52 – 48.** Í landi Brunahvamms. *Reisuleg varða um 120 sm há stendur á melnum um 15 m vestan við efnistökusvæði A1 og 77 m norðvestur frá Hofsa. Varðan er í 28 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf vörðuna á meðan á framkvæmdum stendur til að tryggja að hún raskist ekki af vangá.*

**156484 48 – 52, 54, 55, 56, 96, 98, 99, 100, 101, 102 og 103.** Í landi Hofsa/Tunguels. *Tungusel var afbýli frá Hofi. Tungusel var býli á 19. öld og þar voru beitarhús og skilarétt fram á 20. öldina. Töluverðar minjar eru á Tunguseli, túngarður, garðlög og tóftir. Margar minjanna bera þess merki að þarna hefur verið býli fyrr á öldum, jafnvel aftur á miðöldum. Vegurinn eins og hann er skipulagður mun liggja yfir nyrsta hluta minjasvæðisins þar á meðal gamla bæjarhólinn að hluta eða mestöllu leyti. Þær ellefu fornleifar sem taldar eru upp hér að framan tilheyra allar minjavæði Tungusels. Í frummatsskýrslu segir m.a. um þessar minjar: „Segja má að allt minjasvæðið sé innan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Veglínur hafa þó verið færðar frá sjálfri bæjartóftinni til að komast hjá umfangsmikilli og kostnaðarsamri fornleifarannsókn. Á framkvæmdatíma verður að girða minjarnar af eða merkja þær á augljósan hátt. Einnig þarf fornleifafræðingur að hafa eftirlit með framkvæmdum á meðan veglagningu stendur í nágrenni Tungusels. Vegagerðin þarf að fá álit Fornleifaverndar um hvort þörf er á fornleifarannsókn þar sem tóft og túngörðum verður raskað.” Bæjartóftin, tóftirnar í kringum hana og túngarðurinn mynda eina heild sem mikilvægt væri að varðveita sem slíka. Þrjár þeirra fornleifa sem hér um ræðir eru í veglínu eða svo nærri henni að þær munu raskast. Þetta eru túngarður (156484 48 – 56), garður (156484 48 – 96) og tóft (156484 48 – 99). Hinar fornleifarnar eru í 12 til 60 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Ef ekki er unnt að færa veglínu út fyrir minjasvæðið er nauðsynlegt að grafa könnunarskurð í tóftina (156484 48 – 99) til að afla frekari upplýsinga um gerð hennar og aldur og til að ganga úr skugga um hvort eldri mannvirki eða mannvistarleifar leynast undir tóftinni. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu leitt til þess að frekari rannsókn væri þörf. Einnig þarf að grafa könnunarskurði í túngarðinn (156484 48 – 56) og garðinn (156484 48 – 96) til að afla*

upplýsinga um gerð þeirra og aldur. Merkja þarf minjar á svæðinu vel til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Þá þarf fornleifafraeðingur að hafa eftirlit með framkvæmdum á meðan veglagningu stendur í nágrenni Tungusels.

Leið 2b. Taka þarf tillit til eftirtalinnna fornleifa á þessari leið:

**156484 53 – 20.** Í landi Einarstaða. *Gamla póstleiðin niður í Vopnaffjörð lá út með Hofsdalnum sunnanverðum, sunnan Hofsar og eru víða greinilegar götur í Hlíðinni út dalinn.* Mæla þarf leiðina upp með GPS tæki á þeim kafla þar sem veglínan fer yfir hana og færa hana inn á loftmynd/kort.

**156484 53 – 31.** Í landi Einarstaða. *Tóft, ef til vill fjárhús, liggur í grösugum hvammi um 400 m austan Tunguár og um 250 m innan við beitarhús [53-2]. Tóftin liggur nálega a-v og er um 2 x 6 m að innanmáli. Dyr hafa verið austast á nyrðri langvegg tóftarinnar. Veggir eru um 1,5 m að þykkt og um 60 sm á hæð. Tóftin kann að tengjast beitarhúsum frá Einarstöðum sem stóðu upp á svokallaðri Beitarhúsa- eða Húsaflet. Tóftin er í veglínu og mun því hverfa. Grafa þarf könnunarskurð í tóftina til að afla frekari upplýsinga um gerð hennar og aldur og til að ganga úr skugga um hvort eldri mannvirki eða mannvistarleifar leynast undir tóftinni. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu leitt til þess að frekari rannsókn væri þörf.*

**156484 53 – 21.** Í landi Einarstaða. *Í Sveitum og jörðum segir: „Beitarhús voru inni á dal utan við Tunguá í notkun eitthvað fram á þessa öld” (Sjm, 141). Í örnefnaskrá segir: „Húsgrund heitir dálítið fyrir innan Krákugrundina. Þar voru beitarhús” (ÖBS, 2). „Beitarhús voru á Húsagrund” (ÖHG,5). Beitarhús liggja um 30 m ofan við áætlaða veglínu á flatlendi ofan við nokkuð bratta melbrekku. Grétar Einarsson bóndi á Einarstöðum segir svæðið alltaf hafa verið kallað Beitarhúsagrund. Fjórar tóftir eru greinilegar á svæðinu. Sú nyrsta þeirra sem næst er veglínu er smátóft um 3 x 2 m að innanmáli. Veggjaþykkt er um 1 m og hæð um metri. Dyr hafa verið á suðvesturvegg. Um 9 m langt veggbrót liggur í vinkel um 3 m suðaustan tóftarinnar. Veggurinn kann að vera hlut tóftarinnar eða hluti af einhverskonar gripheldi. Tóftin er í 5 metra fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Grafa þarf könnunarskurð í tóftina til að afla frekari upplýsinga um gerð hennar og aldur og til að ganga úr skugga um hvort eldri mannvirki eða mannvistarleifar leynast undir tóftinni. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu leitt til þess að frekari rannsókn væri þörf.*

**156484 53 – 2.** Í landi Einarstaða. *Í Sveitum og jörðum segir: „Beitarhús voru inni á dal utan við Tunguá í notkun eitthvað fram á þessa öld” (Sjm, 141). Í örnefnaskrá segir: „Húsgrund heitir dálítið fyrir innan Krákugrundina. Þar voru beitarhús” (ÖBS, 2). „Beitarhús voru á Húsagrund” (ÖHG,5). Beitarhús liggja um 30 m ofan við áætlaða veglínu á flatlendi ofan við nokkuð bratta melbrekku. Grétar Einarsson bóndi á Einarstöðum segir svæðið alltaf hafa verið kallað Beitarhúsagrund. Fjórar tóftir eru greinilegar á svæðinu. Tóftir torf- og grjóthlaðins fjárhúss og hlöðu liggja um 15 m ofan við brekkubrún og um 7 m austur af öðru fjárhúsi. Tóftin er um 13 x 8 m að utanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Fjárhúsið er að innanmáli 7 x 3 m og er garði eftir því miðju. Dyr hafa verið vestast á norðvestur langvegg. Áföst aftan við fjárhúsin er hlaða um 5 x 3 m að innanmáli. Innangengt hefur verið á milli fjárhúss og hlöðu. Veggjaþykkt er um 2 m og hæð 1,5m, grjót sýnilegt í hleðslu og standa hleðslur vel en eitthvað farnar að hrynja. Tóftin er vaxin grasi. Tóftin er í 25 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf tóftina á meðan á framkvæmdum stendur, t.d. girða kringum hana, til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.*

**156484 53 – 22.** Í landi Einarstaða. *Í Sveitum og jörðum segir: „Beitarhús voru inni á dal utan við Tunguá í notkun eitthvað fram á þessa öld” (Sjm, 141). Í örnefnaskrá segir: „Húsgrund heitir dálítið fyrir innan Krákugrundina. Þar voru beitarhús” (ÖBS, 2). „Beitarhús voru á Húsagrund” (ÖHG,5). Beitarhús liggja um 30 m ofan við áætlaða veglínu*



á flatlendi ofan við nokkuð bratta melbrekku. Grétar Einarsson bóndi á Einarstöðum segir svæðið alltaf hafa verið kallað Beitarhúsagrund. Fjórar tóftir eru greinilegar á svæðinu. Vestast er fjárhústóft um 10 x 3 m að innanmáli. Tóftin liggur norðaustur-suðvestur og liggur garði eftir miðju hússins. Dyr hafa verið við norðvestur horn. Vegg hæð er um 1,7 m og þykkt 1 m. Grjót sést í hleðslu og vex gras á tóftinni. Fjárhústóftin er í 27 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf tóftina á meðan á framkvæmdum stendur, t.d. girða kringum hana, til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

**156484 53 – 23.** Í landi Einarstaða. Í Sveitum og jörðum segir: „Beitarhús voru inni á dal utan við Tunguá í notkun eitthvað fram á þessa öld” (Sjm, 141). Í örnefnaskrá segir: „Húsgrund heitir dálítið fyrir innan Krákugrundina. Þar voru beitarhús” (ÖBS, 2). „Beitarhús voru á Húsagrund” (ÖHG,5). Beitarhús liggja um 30 m ofan við áætlaða veglínu á flatlendi ofan við nokkuð bratta melbrekku. Grétar Einarsson bóndi á Einarstöðum segir svæðið alltaf hafa verið kallað Beitarhúsagrund. Fjórar tóftir eru greinilegar á svæðinu. Tóft liggur ofan, sunnan, við vestari fjárhúsin og virðist nyrðri langveggur tóftarinnar liggja samsíða eða fast upp við vegg fjárhúsanna. Tóftin er nokkru grónari en aðrar tóftir á svæðinu og grjót var ekki sýnilegt í hleðslum. Tóftin er um 2 x 6 m að innanmáli og dyr hafa verið við norðvesturhorn tóftarinnar. Veggir eru um 1 m á þykkt og um 70 sm á hæð. Tóftin er í 27 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf tóftina á meðan á framkvæmdum stendur, t.d. girða kringum hana, til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

**156484 53 – 25.** Í landi Einarstaða. Stekkjartóft liggur í hvammi upp við melbrekku sunnan Hofsar á vesturbakka svokallaðrar Krákár innan túna á Einarstöðum. Tóftin er tvískipt og er stærra hólfið um 3 x 5 m að innanmáli. Það er nálega hringlaga og hafa dyr verið til vesturs. Smærra hólfið eða kró er áfast við norðausturhlið, um 1 x 3 m að innanmáli. Dyr hafa verið á því til vesturs. Ekki virðist hafa verið innangengt á milli. Veggir eru um 2 m á þykkt og um 60 sm á hæð. Tóftin er gróin grasi og víði en grjót sést á stöku stað í hleðslu. Stekkurinn er í 5 metra fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Grafa þarf könnunarskurð í stekkin til að afla frekari upplýsinga um gerð hans og aldur og til að ganga úr skugga um hvort eldri mannvirki eða mannvistarleifar leynast undir stekkinum. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu leitt til þess að frekari rannsókn væri þörf.

**156484 53 – 26.** Í landi Einarstaða. Smátóft er í brekku um 20 m austan Krákár og um 30 m suður af beitarhúsum austan Krákár. Smákofi, ef til vil smalakofi, um 2 x 1 m að innanmáli, dyr hafa verið í austur. Kofatóftin er algróin og sést hvergi í grjót í hleðslum. Veggjaþykkt er um 40 sm og hæð um 40 sm. Tóftin er í 16 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf tóftina á meðan á framkvæmdum stendur, t.d. girða kringum hana, til að koma í veg fyrir að hún raskist af vangá.

**156484 53 – 24.** Í landi Einarstaða. Fjárhús og hlaða eru uppí brekku sunnan Hofsar um 40 m austan við svokallaða Kráká, innan túns á Einarstöðum. Fjárhústóftin er 7 x 2 m að innanmáli og hafa dyr snúið til norðausturs. Vestari langveggur er nokkuð þykkari en sá eystri og kann að vera að jata hafi verið upp við þann vegg. Áföst sunnan við er hlöðutóft 2 x 3 m að innanmáli, dyr virðast hafa verið úr hlöðunni til vesturs en ekki er hægt að sjá hvort innangengt hefur verið milli hlöðu og fárhúss. Veggur er um 1,5 m að þykkt og um 70 sm hæð. Grjóthruða er í hlöðutóftinni og virðist sem grjót hafi verið fjarlægð úr veggjum. Tóftin er annars algróin grasi. Tóftin er í veglínu og mun hverfa. Grafa þarf könnunarskurð í tóftina til að afla frekari upplýsinga um gerð hennar og aldur og til að ganga úr skugga um hvort eldri mannvirki eða mannvistarleifar leynast undir tóftinni. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu leitt til þess að frekari rannsókn væri þörf.

**156484 53 – 29.** Í landi Einarstaða. Tvær vörður eru norðvestan megin vegar sem liggur að Einarstöðum. Báðar vörðurnar eru hrundar. Varðan er á efnistökusvæði og mun því hverfa. Varðan hefur verið skráð. Fornleifavernd ríkisins telur það fullnægjandi mótvægisáðgerð.

**156484 53 – 30.** Í landi Einarsstaða. *Tvær vörður eru norðvestan megin vegar sem liggur að Einarsstöðum. Báðar vörðurnar eru hrundar. Varðan er í 3 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði og mun því að öllum líkindum hverfa. Varðan hefur verið skráð. Fornleifavernd ríkisins telur það fullnægjandi mótvægisáðgerð.*

**156538 54 – 11, 41 og 10.** Í landi Þorbrandsstaða. Frambær var hjáleiga frá Þorbrandsstöðum. *Í landi Þorbrandsstaða mun væntanleg veglína liggja eftir núverandi vegi í gegn um tún fornbylisins Frambæjar syðst í Þorbrandsstaðatúni. Skráð voru á svæðinu beitarhús 156538 54 – 11, mögulegt bæjarstæði Frambæjar 156538 54 – 10 og túngarður 156538 54 – 41. Ekki er vitað með vissu hvar bærinn stóð en þó eru leiddar líkur að því að það sé annað hvort undir beitarhúsatóftinni syðst í túni eða undir þar sem enn standa steipt fjárhús og greinileg er nokkur upphækkun í túni [156538 54 - 10]. Núverandi vegur liggur í gegn um túnið og hefur túngarðurinn verið sléttður að hluta í tengslum við þá vegagerð. Áætluð veglína mun að hluta liggja yfir túngarðinn og inn á það svæði sem beitarhúsin standa á og kann að vera bæjarstæði Frambæjarins. Besta lausnin væri að færa veglínuna vestur fyrir gamla túnið ... Í frummatsskýrslu kemur fram að ekki sé hægt að færa veglínuna til á þessum stað. Þar kemur einnig fram að beitarhúsin séu í 12 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði, meint bæjarstæði í 20 m fjarlægð og að túngarðurinn sé í veglínu. Grafa þarf könnunarskurð í túngarðinn til að kanna gerð hans og aldur. Þá þarf að merkja beitarhúsin og meint bæjarstæði á meðan á framkvæmdum stendur og fá þarf fornleifafræðing til að hafa eftirlit á svæðinu á meðan á framkvæmdum stendur.*

**156530 49 – 28.** Í landi Teigs. *Tóft, ef til vill rétt eða nátthaga, liggur í halla mót suðri vestan í kverk rétt vestan afleggjarans í Sunnudal þar sem hann liggur frá þjóðveginum neðan (sunnan) Teigs. Pétur Jónsson bóndi í Teigi þekkti ekki hlutverk tóftarinnar en hún var þarna þegar foreldrar hans hófu búskap í Teigi 1926. Réttin er um 10 x 7 m að innanmáli og hefur hlið verið á henni til suðurs. Stór steinn er í suðvestur horni hennar en óvíst er hvort þar er um að ræða jarðfastan náttúrustein eða hvort steinninn hefur hrunið inn í réttina. Veggir eru nokkuð jarðsokknir, um 2 m að breidd og vaxnir lyngi líkt og umhverfi þeirra. Tóftin er í 5 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði og því í mikilli hættu. Grafa þarf könnunarskurð í tóftina til að afla frekari upplýsinga um gerð hennar og aldur og til að ganga úr skugga um hvort eldri mannvirki eða mannvistarleifar leynast undir tóftinni. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu leitt til þess að frekari rannsókna væri þörf.*

Leið 2c. Taka þarf tillit til eftirtalinnna fornleifa á þessari leið:

**156452 50 – 21, 43, 44 og 45.** Í landi Bustarfells. Kleif var hjáleiga í landi Bustarfells. *Fornbýlið Kleif 156452 50 – 21 [bæjarstæði], 156452 50 – 43 [tóft], 156452 50 – 44 [túngarður] og 156452 50 – 45 [tóft] er neðan við mela þar sem merkt er efnistökusvæði á korti. Óvíst er hversu stór hluti minjanna er eftir þar sem að miklar landbreytingar hafa orðið af völdum Hofsár á svæðinu. Þó er greinilegur túngarður og amk. ein tóft uppi við melbrekku neðan við þar sem efnistakan mun fara fram. Ekki eru miklar líkur á því að þessar minjar skemmist við framkvæmdirnar en þó ber að taka tillit til þeirra ekki síst vegna mögulegrar umferðar á efnistökusvæði A-10 við Hofsá. Í frummatsskýrslu kemur fram að minjarnar séu í 120 til 135 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Þar segir einnig: „Ekki eru miklar líkur á að þessar minjar skemmist við framkvæmdirnar en þó ber að taka tillit til þeirra.“ Ef í ljós kemur að fornleifunum stafi hætta af efnistöku eða aðkomu að efnistökusvæði ber að grípa til ráðstafana í samráði við Fornleifavernd ríkisins til forða minjunum frá raski.*

**156452 50 – 46.** Í landi Bustarfells. *Frammi á brekkubrún um 10 m ofan og norðvestan við veginn þar sem hann liggur neðan frá áreyrunum upp á melana norðan Hofsár, vestan við þar sem fornbylið Kleif stóð. Varðan er um 80 sm á hæð, ekki mjög vönduð smíð en stendur*

vel. Varðan er í veglínu og mun því hverfa. Varðan hefur verið skráð. Fornleifavernd ríkisins telur það fullnægjandi mótvægisáðgerð.

**156452 50 – 47.** Í landi Bustarfells. *Frammi á melbrún beint ofan við bæjarstæði fornbylisins Kleifar, syðst á efnistökusvæði sem merkt er A-10 á loftmynd. Varðan er um 50 sm á hæð og hefur greinilega hrunið. Um þessa vörðu er ekki fjallað í frummatsskýrslu en í fronleifaskráningaskýrslu er hún sögð á efnistökusvæði. Varðan hefur verið skráð.*

Fornleifavernd ríkisins telur það fullnægjandi mótvægisáðgerð.

**156452 50 – 8.** Í landi Bustarfells. *Lambhústóft er rúma 190 m austsuðaustur af íbúðarhúsinu á Bustarfelli og rúma 20 m norður frá syðri jaðri heimatúnsins. Tóftir tvístæðra fjárhúsa með áfastri hlöðu. Tóftin er vel greinileg, hún er vel gróin en sér þó sums staðar í vegggleðslur. Hæð veggja er um 90 sm, breidd frá 2-3 m. Utanmál tóftar er 19 x 12 og innanmál hlöðu er 5 x 6 m. Tóftin liggur n/s. Tvennar dyr eru og snúa til suðurs. Tóftin snýr nálega norður-suður og eru dyr á eystri fjárhúsunum yfir í hlöðuna. Lambhústóftin er í 6 metra fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Grafa þarf könnunarskurð í tóftina til að afla frekari upplýsinga um gerð hennar og aldur og til að ganga úr skugga um hvort eldri mannvirki eða mannvistarleifar leynast undir tóftinni. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu leitt til þess að frekari rannsókna væri þörf.*

**156452 50 – 42.** Í landi Bustarfells. *Tæplega 400 m austur af íbúðarhúsi á Bustarfelli og um 180 m frá Lambhústóftinni (156452 50 – 8) er garðlag. Garðlagið liggur í austur – vestur meðfram vegslóða sunnan túns og er um 110 m langt. Það er vel gróið. Óvíst er hvaða hlutverki það hefur gegnt. Garðlagið er í 30 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf garðlagið á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að það raskist af vangá.*

**156452 50 – 16.** Í landi Bustarfells. *Í örnefnaskrá segir: „Yzt í Dómslækjarnesinu er stekkjartótt, sem heitir Jónsstekkur. Þar hafði Jón Sölvason stekkt. Sá er bjó á móti Einari afa mínum” (ÖMM, 4). Jónsstekkur er á sléttri gróinni grund neðan melbrekku um 350 m niður af heimreið að Bustarfelli á austurbakka Dómslækjar svokallaðs, um 27 m austan lækjarins. Stekkurinn liggur norðaustur-suðvestur. Hann er tvískiptur, að sunnan er stærra hólf 8 x 3 m að innanmáli en norðan þess er áföst lambakró um 3 x 2 m að innanmáli, innangengt hefur verið á milli krónna. Dyr hafa verið syðst á norðaustur langhlið. Vegg hæð er um 70 sm, þykkt veggja 1 m. Tóftin stendur enn mjög vel og sést grjótt ennþá í hleðslu. Stekkurinn er í 50 m fjarlægð frá framkvæmdasvæði. Merkja þarf stekkin á meðan á framkvæmdum stendur, t.d. girða kringum hann, til að koma í veg fyrir að hann raskist af vangá.*

Millidalaleið. Taka þarf tillit til eftirtalinna fornleifa á þessari leið:

**182017 39 – 45.** Í landi Hauksstaða. *Oddsgil er landamerki Hauksstaða og Búastaða. Rúma 470 m austan þess og 760 m í suður af þjóðvegi er varða. Hún liggur um 115 m austan við vestari tengileiðina. Vörðunni stafar ekki hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum við Millidalaleið.*

### Samantekt.

Í samantektinni eru teknir saman valkostir eins og þeir eru kynntir í frummatsskýrslu, þ.e. leið 1a+1b, leið 1a+1c, leið 2a+2b, leið 2a+2c og Millidalaleið.

### Leið 1a+1b:

Eftirtaldar fornleifar eru ekki í beinni hættu en þó þarf framkvæmdaraðili að taka tillit til þeirra:

Bæjarstæðis Brunahvamms sem liggur rétt sunnan veglínu Vesturárdalsleiðar og norðan Hofsárdalsleiðar.

Gera þarf verktökum grein fyrir tilvist eftirtalinna fornleifar til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá:

Vörðu (156482 39 – 28) í landi Hauksstaða.

Hér að ofan er þess víða getið að vörður sem eru í veglínu eða mjög nærri veglínu hafi verið skráðar og að Fornleifavernd ríkisins telji það fullnægjandi mótvægisáðgerð. Þetta er sagt vegna þess að gert er ráð fyrir að vörðurnar hverfi. Sé hægt að koma í veg fyrir rask á vörðunum mælir stofnunin að sjálfsögðu með því. Eftirtaldar vörður falla í þennan flokk: Varða (156449 52 – 33) í landi Brunahvamms, varða (156449 52 – 34) í landi Brunahvamms, varða (156482 39 – 35) í landi Hauksstaða og varða (156482 39 – 39) í landi Hauksstaða.

Merkja þarf eftirtaldar fornleifar til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá:

Vörðu (156449 52 – 30) í landi Brunahvamms, vörðu (156449 52 – 35) í landi Brunahvamms, vörðu (156449 52 – 38) í landi Brunahvamms, vörðu (156449 52 – 26) í landi Brunahvamms, vörðu (156449 52 – 27) í landi Brunahvamms, vörðu (156482 39 – 26) í landi Hauksstaða, tóft (156482 39 – 27) í landi Hauksstaða, tóftir (156482 39 – 16) í landi Hauksstaða, vörðu (156482 39 – 29) í landi Hauksstaða, garð (156482 39 – 30) í landi Hauksstaða, tóft (156482 39 – 33) í landi Hauksstaða, tóft (156482 39 – 34) í landi Hauksstaða, vörðu (156482 39 – 36) í landi Hauksstaða, vörðu (156482 39 – 38) í landi Hauksstaða, tóftir (156482 39 – 13) í landi Hauksstaða, stekk (156482 39 – 42) í landi Hauksstaða og garð (156482 41 -15) í landi Búastaða.

Mæla þarf eftirtaldar fornleifar upp og teikna þær:

Tóft (156449 52 – 31) í landi Brunahvamms, smalabyrgi (156449 52 – 32) í landi Brunahvamms og smalabyrgi (156482 39 – 25) í landi Hauksstaða.

Mæla þarf tóftaleifar (156507 42 -23) í landi Norður-Skálaness upp og teikna þær. Þá þarf að grafa könnunarskurði í tóftirnar til að reyna að fá hugmynd um aldur þeirra og kanna hvort undir þeim leynist eldri mannvirki og mannvistarlög. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu leitt til þess að frekari rannsókna væri þörf.

### **Leið 1a+1c:**

Eftirtaldar fornleifar eru ekki í beinni hættu en þó þarf framkvæmdaraðili að taka tillit til þeirra:

Bæjarstæðis Brunahvamms sem liggur rétt sunnan veglínu Vesturárdalsleiðar og norðan Hofsárdalsleiðar.

Gera þarf verktökum grein fyrir tilvist eftirtalinnna fornleifar til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá:

Vörðu (156482 39 – 28) í landi Hauksstaða, garði (156484 48 – 82) í landi Hofs og tóft (156484 48 – 86) í landi Hofs.

Hér að ofan er þess víða getið að vörður sem eru í veglínu eða mjög nærri veglínu hafi verið skráðar og að Fornleifavernd ríkisins telji það fullnægjandi mótvægisáðgerð. Þetta er sagt vegna þess að gert er ráð fyrir að vörðurnar hverfi. Sé hægt að koma í veg fyrir rask á vörðunum mælir stofnunin að sjálfsögðu með því. Eftirtaldar vörður falla í þennan flokk: Varða (156449 52 – 33) í landi Brunahvamms og varða (156449 52 – 34) í landi Brunahvamms.

Merkja þarf eftirtaldar fornleifar til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá:

Vörðu (156449 52 – 30) í landi Brunahvamms, vörðu (156449 52 – 35) í landi Brunahvamms, vörðu (156449 52 – 38) í landi Brunahvamms, vörðu (156449 52 – 26) í landi Brunahvamms,

vörðu (156449 52 – 27) í landi Brunahvamms, vörðu (156482 39 – 26) í landi Hauksstaða, tóft (156482 39 – 27) í landi Hauksstaða, tóftir (156482 39 – 16) í landi Hauksstaða, vörðu (156482 39 – 29) í landi Hauksstaða, tóft (156482 39 – 43) í landi Hauksstaða, vörðu (156482 39 – 44) í landi Hauksstaða, garð (156484 48 – 95) í landi Þorsteinsstaða, tóft (156484 48 – 96) í landi Þorsteinsstaða og minjasvæði í landi Þorsteinsstaða, hjáleigu í landi Hofs. Innan þessa minjasvæðis eru friðlýstar fornleifar.

Mæla þarf eftirtaldar fornleifar upp og teikna þær:

Tóft (156449 52 – 31) í landi Brunahvamms, smalabyrgi (156449 52 – 32) í landi Brunahvamms og smalabyrgi (156482 39 – 25) í landi Hauksstaða.

Grafa þarf könnunarskurði í eftirtaldar fornleifar til að reyna að fá hugmynd um aldur þeirra og kanna hvort undir þeim leynist eldri mannvirki og mannvistarlög. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu leitt til þess að frekari rannsókna væri þörf:

Þúst (156484 48 – 97) í landi Þorsteinsstaða og þúst (156484 48 – 98) í landi Þorsteinsstaða.

### **Leið 2a+2b:**

Hér að ofan er þess víða getið að vörður sem eru í veglínu eða mjög nærri veglínu hafi verið skráðar og að Fornleifavernd ríkisins telji það fullnægjandi mótvægisáðgerð. Þetta er sagt vegna þess að gert er ráð fyrir að vörðurnar hverfi. Sé hægt að koma í veg fyrir rask á vörðunum mælir stofnunin að sjálfsögðu með því. Eftirtaldar vörður falla í þennan flokk: Varða (156449 52 – 43) í landi Brunahvamms, varða (156449 52 – 44) í landi Brunahvamms, varða (156449 52 – 46) í landi Brunahvamms, varða (156484 53 – 29) í landi Einarstaða og varða (156484 53 – 30) í landi Einarstaða.

Merkja þarf eftirtaldar fornleifar til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá:

Stekk (156449 52 – 47) í landi Brunahvamms, vörðu (156449 52 – 48) í landi Brunahvamms, bæjartóft (156484 48 -52) í landi Hofs/Tungusels, beitarhús (156484 48 -54) í landi Hofs/Tungusels, rétt (156484 48 -55) í landi Hofs/Tungusels, tóft (156484 48 - 98) í landi Hofs/Tungusels, tóft (156484 48 -100) í landi Hofs/Tungusels, tóft (156484 48 -101) í landi Hofs/Tungusels, tóft (156484 48 -102) í landi Hofs/Tungusels, tóft (156484 48 -103) í landi Hofs/Tungusels, tóft (156484 53 – 2) í landi Einarstaða, tóft (156484 53 – 22) í landi, tóft (156484 53 – 23) í landi Einarstaða, tóft (156484 53 – 26) í landi Einarstaða, beitarhús (156538 54 – 11) í landi Þorbrandsstaða/Frambæjar og mögulegt bæjarstæði (156538 54 – 10) í landi Þorbrandsstaða/Frambæjar.

Mæla þarf eftirtaldar fornleifar með GPS mælingu og færa þær inn á kort:

Leið (156449 52 – 40) í landi Brunahvamms og leið (156484 53 – 20) í landi Einarstaða,

Fornleifafraeðingur þarf að hafa eftirlit með með framkvæmdum á eftirtöldum stöðum:

Í nágrenni bæjarstæðisins Tungusels í landi Hofs. Við beitarhús (156538 54 – 11) og mögulegt bæjarstæði (156538 54 – 10) í landi Þorbrandsstaða/Frambæjar.

Grafa þarf könnunarskurði í eftirtaldar fornleifar til að kanna gerð þeirra og aldur:

Túngarð (156484 48 – 56) í landi Hofs/Tungusels, garð (156484 48 – 96) í landi Hofs/Tungusels og túngarð (156538 54 – 41) í landi Þorbrandsstaða/Frambæjar.

Grafa þarf könnunarskurði í eftirtaldar fornleifar til að reyna að fá hugmynd um aldur þeirra og kanna hvort undir þeim leynist eldri mannvirki og mannvistarlög. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu leitt til þess að frekari rannsókna væri þörf:

Tóft (156449 52 – 45) í landi Brunahvamms, tóft (156484 48 – 99) í landi Hofsv/Tungusels, tóft (156484 53 – 31) í landi Einarstaða, tóft (156484 53 – 21) í landi Einarstaða, stekki (156484 53 – 25) í landi Einarstaða, tóft (156484 53 – 24) í landi Einarstaða og tóft (156530 49 – 28) í landi Teigs.

**Leið 2a+2c:**

Eftirtaldar fornleifar eru ekki í beinni hættu en þó þarf framkvæmdaraðili að taka tillit til þeirra:

Fornleifa við fornbylíð Kleif í landi Bustarfells.

Hér að ofan er þess víða getið að vörður sem eru í veglínu eða mjög nærri veglínu hafi verið skráðar og að Fornleifavernd ríkisins telji það fullnægjandi mótvægisáðgerð. Þetta er sagt vegna þess að gert er ráð fyrir að vörðurnar hverfi. Sé hægt að koma í veg fyrir rask á vörðunum mælir stofnunin að sjálfsögðu með því. Eftirtaldar vörður falla í þennan flokk: Varða (156449 52 – 43) í landi Brunahvamms, varða (156449 52 – 44) í landi Brunahvamms, varða (156449 52 – 46) í landi Brunahvamms, varða (156452 50 – 46) í landi Bustarfells og varða (156452 50 – 47) í landi Bustarfells.

Merkja þarf eftirtaldar fornleifar til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá:

Stekki (156449 52 – 47) í landi Brunahvamms, vörðu (156449 52 – 48) í landi Brunahvamms, bæjartóft (156484 48 -52) í landi Hofsv/Tungusels, beitarhús (156484 48 -54) í landi Hofsv/Tungusels, rétt (156484 48 -55) í landi Hofsv/Tungusels, tóft (156484 48 - 98) í landi Hofsv/Tungusels, tóft (156484 48 -100) í landi Hofsv/Tungusels, tóft (156484 48 -101) í landi Hofsv/Tungusels, tóft (156484 48 -102) í landi Hofsv/Tungusels, tóft (156484 48 -103) í landi Hofsv/Tungusels, garðlag (156452 50 – 42) í landi Bustarfells og stekki (156452 50 – 16) í landi Bustarfells.

Mæla þarf eftirtaldar fornleifar með GPS mælingu og færa þær inn á kort:

Leið (156449 52 – 40) í landi Brunahvamms.

Fornleifafraeðingur þarf að hafa eftirlit með með framkvæmdum á eftirtöldum stöðum:

Í nágrenni bæjarstaðis Tungusels í landi Hofsv.

Grafa þarf könnunarskurði í eftirtaldar fornleifar til að kanna gerð þeirra og aldur:

Túngarð (156484 48 – 56) í landi Hofsv/Tungusels og garð (156484 48 – 96) í landi Hofsv/Tungusels.

Grafa þarf könnunarskurði í eftirtaldar fornleifar til að reyna að fá hugmynd um aldur þeirra og kanna hvort undir þeim leynist eldri mannvirki og mannvistarlæg. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu leitt til þess að frekari rannsókna væri þörf:

Tóft (156449 52 – 45) í landi Brunahvamms, tóft (156484 48 – 99) í landi Hofsv/Tungusels og tóft (156452 50 – 8) í landi Bustarfells.

**Millidalaleið:**

Engar fornleifar eru í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Millidalaleið.

**Niðurstæða:**

Leið 1a+1b mun raska fjórum vörðum, tveimur smalabyrgjum, einni tóft og tóftaleifum við Leiðarhöfn (Norður-Skálanes).

Leið 1a+1c mun raska tveimur vörðum, tveimur smalabyrgjum, einni tóft og mögulegum minjum á tveimur stöðum í landi Þorsteinsstaða.

Leið 2a+2b mun raska fimm vörðum, tveimur leiðum, þremur görðum og sjö tóftum auk minja sem hugsanlega eru við bæjarstæði Tungusels í landi Hofs.

Leið 2a+2c mun raska fimm vörðum, einni leið, tveimur görðum og þremur tóftum auk minja sem hugsanlega eru við bæjarstæði Tungusels í landi Hofs.

Millidalaleið hefur engin áhrif á fornleifar.

Að því tilskyldu að kröfur Fornleifaverndar ríkisins um mótvægisáðgerðir verði uppfylltar leggst stofnunin ekki gegn neinum þeirra valkosta á Norðvesturvegi til Vopnafjarðar (Brunahvammsháls – Vopnafjörður) sem lagðir eru fram í frummatsskýrslu Vegagerðarinnar. Vesturárdalsleiðirnar hafa minni áhrif á fornleifar en Hofsárdalsleiðirnar. Fornleifavernd ríkisins mælir því með að farin verði leið 1a+1b eða 1a+1c í stað leiðar 2a+2b eða 2a+2c. Leið 1a+1b hefur minnst áhrif á fornleifar en leið 2a+2b hefur mest áhrif á fornleifar.

Bent skal á að í 10. gr. þjóðminjalaga stendur m.a.: *Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.* Og 13. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.*

Virðingarfyllt,  
f.h. Fornleifaverndar ríkisins

---

Kristín Huld Sigurðardóttir  
Forstöðumaður

---

Kristinn Magnússon  
Deildarstjóri